



RITSTJÓRNARGREINAR Leiðarar

Klekk á klerkum

Mánudagur, 2. mars 2026

Íranska þjóðin á næsta leik eftir 47 ára harðstjórn

Ófriður braust út við Persaflóa snemma á laugardagsmorgun, þegar bandarískur og ísraelskur herafla gerði samhæfðar árásir á helstu víghreiður og vopnaverksmiðjur Írans, að ógleymdum felustöðum æðstu ráðamanna klerkastjórnarinnar og byltingarvarðar hennar.

Er rykið settist lá Ali Khamenei æðstiklerkur í valnum.

Khamenei er fáum harmdaði, en í Íran fór fólk víða út á götur og fagnaði. Fall hans er nauðsynleg en ekki fullnægjandi forsenda þess að klerkaveldið falli.

Höfuðlaus her klerkaveldisins svaraði þessari ekki fyllilega óvæntu árás með eldflauga- og drónaárásum á bækistöðvar Bandaríkjahers í Mið-Austurlöndum, á Ísrael og á sex lönd handan Persaflóa, sem þó tóku ekki þátt í árásinni, jafnvel í átt að ESB-ríkinu Kýpur á Miðjarðarhafi.

Gagnarásin reyndist bókstaflega ómarkviss; virðist óverulegu hernaðartjóni hafa valdið og ekki miklu manntjóni enn sem komið er, en sýnilegustu skotmörkin borgaralegar byggingar á borð við íbúðablokk í Barein, flugstöð og hótél í Dúbaí. Með þeim afleiðingum helstum að klerkastjórnin sameinaði önnur ríki við Persaflóa gegn sér.

Fyrir sitt leyti var Donald Trump Bandaríkjaforseti skýr um markmiðin. Þau voru að koma í veg fyrir að klerkaveldið yrði kjarnorkuveldi með langdrægur eldflaugar, að uppræta óstöðugleika af þess völdum og að greiða götuna fyrir stjórnarskiptum í Íran: að gefa írönsku þjóðinni færi á því að varpa af sér oki klerkanna.

Þetta er ekki áhættulaus ráðagerð og margt sem farið getur úrskaiðis. Óvíst er að óvopnaður almenningur megi sín mikils gagnvart blóði drifnum byltingarverðinum, sem hefur líðlega 100 þúsund manns undir vopnum. Og jafnvel þótt klerkastjórnin falli veit enginn hvað við tekur; spörin frá Írak, Líbú og Sýrlandi hræða.

Eftir sem áður er það þetta markmið um stjórnarskipti í Íran sem er sá mælikvarði sem lagður verður á þessa aðgerð Trumps. Þar munu næstu dægur skipta sköpum.

Khamenei hlaut makleg málagjöld, enda var það hann sem batt enda á allar friðarumleitánir. Það var þó ekki aðeins þá sem klerkastjórnin kaus stríð þegar friður var í boði. Íran undir stjórn klerkanna hefur átt í stríði við Bandaríkin frá fyrsta degi fyrir 47 árum, stríði við Vesturlönd, stríði við velflesta nágranna sína. Stundum með hervaldi, en aðallega með því að fjármagna, fósra og vígbúa hryðjuverkahreyfingar nær og fjær. Að ógleymdri miskunnarlausri harðstjórn heima fyrir, en aðeins í fyrri mánuði var tugþúsundum slátrað fyrir að mótmæla lélegum lífskjörum.

Vígaugur klerkanna er ekki vegna hagsmuna Írans eða tiltekinna deilna, heldur vegna trúarofstækis. Klerkarnir eru sjítar og aðhyllast í ofanálag sérstaka grein íslams, sem bíður í ofvæni komu Mahdí, hins hulda ímams, í aðdraganda hinstu daga. Þeim hefur beinlínis verið sjálfstætt markmið að ala á ófriði og blóðsúthellingum, að eiga í heilögu stríði.

Því er þessi ofuráhersla á að koma sér upp kjarnorkuvopnum og langdrægum eldflaugum; af því að heimsendir skelfir klerkana ekki frekar en píslarvætti, þvert á móti er hann þeim eftirsóknarverður.

Þó að flestir æðstu ráðamenn klerkaveldisins séu nú fallnir er nóg af undirsátum eftir, sem ekki þurfa skipanir til frekari ódæða og eiga allt undir að önnur stjórn komist ekki á. Það kunna að reynast dauðateygjur, en þær eru engu hættuminni.

Hvernig sem fer er hætta á óöld í landinu, en það verður að binda vonir við að hún reynist skammæ og að hinni fornfrægu persnesku menningarþjóð auðnist að koma á friði og stöðugri stjórn í landinu.

Til þess hefur hún ýmsa kosti umfram aðrar þær þjóðir Mið-Austurlanda, sem hafa þolað upplausn og ófrið á umliðnum árum. Þjóðin er vel menntuð og þar er öflug miðstétt, mun vestrænni en klerkastjórnin hefur leyft. Ekki er heldur að efa að bæði Bandaríkin og Ísrael myndu rétta nýjum stjórnvöldum hjálparhönd við endurreisnina, að ekki sé minnst á arabaríkin við Persaflóa.

Svo það er von og það er til mikils að vinna.

Viðbrögð íslenskra stjórnvalda á laugardag voru hins vegar skrytín. Þrátt fyrir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra tæki í yfirlýsingu fram að klerkastjórnin væri skaðræði, hvatti hún samt til þess að látið yrði af árásum á hana, að sest yrði að samningum á ný og alþjóðalög virt. Með öðrum orðum að klerkastjórnin fengi að sitja óáreitt áfram. Er það í alvöru vilji íslenskra stjórnvalda og íslenskrar þjóðar?

Bandaríkin hófu þennan ófrið ekki, en þeim mun mikilvægara er að Trump bindi enda á hann. Það verður aðeins gert með fullnaðarsigri á klerkaveldinu á þann veg að í landinu taki við lífvænleg og stöðug stjórnvöld, sem hætti allri kjarnorkuvígvaðingu. Það kemur Írónum best og það kemur heimsfriðnum best.

[Morgunblaðið 2.3.26, bls. 14 • Orðafjöldi: 715 • [PDF-útgáfa](#)]

Valdar greinar síðustu daga

Sýna fleiri valdar greinar